

14. aðalfundur Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar ÆSKP

Miðvikudaginn 4. mars 2020

Neskirkja við Hagatorg

- Fundur settur kl. 17.05.
- 16 viðstaddir fundinn.

Ása Laufey Sæmundsdóttir er kosin fundarstjóri með lófaklappi.

Daníel Ágúst Gautason er kosinn ritari með lófaklappi.

1. Skýrsla formanns, flutt af Jöhönnu Ýr Jóhannsdóttir

Jóhanna Ýr flytur skýrslu formanns, sjá nánar í skýrslu formanns.

Aðalfundur EF var haldinn í Háteigskirkju. Fulltrúar voru Jónína Sif Eyþórsdóttir og Katrín Helga Ágústsdóttir.

Jónína Sif sá um framkvæmdarvinnu Gleðigöngunnar, þar sem Gleðikirkja var smíðuð úr gamalli hestakerru. Áherslan í göngunni var „opin kirkja.“ Þetta var í sjöunda skipti að ÆSKP tók þátt í göngunni. Agnes M. Sigurðardóttir biskup og Kristján Björnsson vígslubiskup tóku þátt í göngunni.

Landsmót ÆSKP var að þessu sinni haldið í Ólafsvík. Unnið var samkvæmt þemanu „Skapandi landsmót.“ Agnes M. Sigurðardóttir setti mótið og Kristján Björnsson prédikaði á sunnudeginum. Um 300 manns tóku þátt á mótinu. Voru móttökurnar í Ólafsvík frábærar og aðstaðan í félagsheimilinu var til fyrirmyndar. Kvenfélag Ólafsvíkur sá um allan mat og voru mótsmeðlimir einstaklega ánægðir með matinn.

Skyndihjálparnámskeið var haldið í samstarfi við biskupsstofu. Námskeiðið var vel sótt.

Leiðtogaskólinn hefur gengið vel og eru um 18 ungmenni sem sátu námskeiðið.

Á árinu kom Jónína Sif aftur til starfa eftir fæðingarorlof og Jóhanna þakkar Sigurði Óskari vel unnin störf í hennar fjarveru.

Sem samtök viljum við efla fólk í leik og starfi.

Jóhanna nefnir að ÆSKP þurfi að vera sýnilegt, enda markir sem vita ekki hvað félagið er. Starfið þarf einnig að vera sýnilegt til að geta rökstutt fjárveitingar. Jóhanna fullyrðir að fjármagn ÆSKP fer í að efla ungt fólk innan kirkjunnar.

Heildarkostnaður Landsmóts fyrir 2020 er áætlaður að vera 10.000.000 kr. Þessum peningum er vel varið og hefur jákvæð áhrif á fólkið sem nýtur þjónustu ÆSKP.

Heimasíðan er í stöðugum vexti og viljum við efla hana með því að fjölga fréttum inni á hana.

Tekið var ákvörðun á stjórnarfundum að auka starfshlutfall framkvæmdarstjóra ÆSKP úr 50% í 60%.

Það allra dýrmætasta í æskulýðsstarfinu er mannauðurinn og okkur ber að efla hann. Jóhanna þakkar Jónínu og stjórninni allri fyrir hlýhug og gott samstarf á starfsárinu.

2. Skýrsla framkvæmdarstjóra, flutt af Jónínu Sif

Jónína Sif flytur skýrslu framkvæmdarstjóra. Sjá nánar í skýrslu.

Aðalfundur EF fór fram í mars í Háteigskirkju, og var þátttakan ágæt. Sigurður Óskar Óskarsson hóf þá sitt þriðja ár í stjórn EF. Helstu áskoranir EF á starfsárinu var að færa bankareikninginn sinn frá Finnlandi til Bretlands. Tveir viðburðir voru á vegum EF, annars vegar í Búdapest og hins vegar Easter Course í Wales.

Eitt af markmiðum ÆSKP er að opna möguleika ungmenna að taka þátt í alþjóðlegu starfi. Á heimasíðunni eru núna komnar inn upplýsingar um alþjóðleg mót og námskeið.

KUF fór fram 25-26 maí. Þingið stóð í tvo daga enda lágu mörg mál fyrir þinginu. Þetta var það 14 í röðinni, og hefur verið haldið óslitið frá árinu 2008. Mikill metnaður og vinna liggur að baki þessu þingi. Berglind Hönnudóttir var kosin forseti þingsins.

Við fengum mikla athygli út frá opnu kirkjunni í Gleðigöngunni. Núna fann Jónína líka fyrir mikilli athygli frá kirkjusamfélaginu sjálfu. Mikil stemming var í hópnum og vel var tekið undir þegar sunnudagaskólalöginn hljómuðu hjá okkur.

Haustrámskeið var haldið í samstarfi við ÆSKR og biskupsstofu.

Landsmótsstjóri var Óskar Ingi Óskarsson. Ákveðið var að taka aftur upp hópastarf eftir nokkur ár og gekk það ótrúlega vel. Könnunin eftir mótið sýndi mjög jákvæð viðbrögð við hópastarfinu. Aðstaðan og andinn í Ólafsvík var frábær og það var allt gert fyrir okkur. Hinsvegar herjaði veikindi á landsmótsnefndina en nefndin var dugleg að grípa boltann hjá hvort öðru. Nýjar áskoranir komu upp varðandi sérþæði. Fæðuóþol og sérþæfir eru algengari og það þarf að huga meira að því þegar kemur að matseðlinum.

Þátttakendur voru til fyrirmyndar í einu og öllu, og mótið var í heild skemmtilegt og gefandi.

Leiðtogaskólinn, sem áður hét Farskóli leiðtogaefna, er löngu búinn að sanna mikilvægi sitt. Þetta er metnaðarfullt og mikilvægt að koma sem flestum í skólann sem að hafa burði til að vera leiðtogar. Það munu 18 nemendur útskrifast á höfuðborgarsvæðinu og 20 nemendur af austur- og norðurlandi.

Jóhanna tekur við orðinu. Hún þakkar fyrir skýrsluna og öflugt starfsár. Hún hvetur til þess að efla þátttöku æskulýðsbarna í Gleðigöngunni og að það þurfti að tala um hana í maí þegar starfið er að byrja þar sem mörg félög eru ekki byrjuð aftur þegar Gleðigangan er.

3. Skýrsla landsmótsstjóra, flutt af Jónínu Sif í fjarveru Óskars Inga

Jónína Sif flytur skýrslu landsmótsstjóra í fjarveru Óskars Inga. Sjá nánar skýrslu landsmótsstjóra.

Landsmótsstjóri segir að forréttindi voru að fá að vinna með landsmótsnefnd og fá að taka þátt á mótinu. Jákvæði og stuðningur sveitafélagsins reyndist mjög mikilvægur og án þess hefði ekki verið hægt að halda mótið.

4. Ársreikningur, fluttur af Katrínu Helgu

Katrín Helga Ágústsdóttir gjaldkeri flytur ársreikning. Sjá nánar í ársreikningi.

Rekstrarafgangur ársins var hærri en í fyrra, en nú erum við loks komin á þann stað sem að við viljum vera á. Við eigum svólítinn pening inn á bankabók. Þessi peningur sér til þess að ef styrkirnir hverfa, sem að félagið er rekið á, að við gætum lokið starfsárinu en þurfum ekki að pakka öllu niður. Við verðum að passa að það séu ekki peningalegar ástæður fyrir því að við þurfum að aflýsa okkar starfi.

Hækkun var á félagsgjöldum því að félagsmeðlimum fjölgaði. Styrkri haldast í stað.

Eign félagsins er 15.488.854 kr. Það er talan sem við viljum halda í til að halda út árið.

Við skuldum ekki neitt sem er jákvætt.

Það voru engin sérverkefni á þessu ári. Árið á undan vorum við með alþjóðarverkefni. Því er enginn peningur undir „aðrar tekjur“ hjá okkur.

Raunverulegir styrkir í Landsmót eru meiri en peningaupphæðin segir til, því við fáum í raun meiri styrki í formi þjónustu, matar, o.s.frv.

Einn þriðji af fjárhag okkar á árinu fer í beinan rekstur félagsins, líkt og laun og launatengd gjöld.

Símakostnaðurinn hoppaði hátt á árinu, því að ÆSKP tók yfir SMS-kerfinu sem að biskupsstofa rak. Það gæti verið að SMS-kerfið fer undir sér lið á næsta ári.

Húsaleiga stendur í stað. Við fáum gott verð á húsaleigunni í Neskirkju og erum ánægð með það.

Hagnaður sjoppunnar á mótinu fór beint í Hjálparstarf kirkjunnar, 11.357 kr.

Við þurftum ekki að leigja nein hljóðkerfi fyrir landsmót þar sem það var á svæðinu. Einnig var ekki leigður tæknimaður fyrir mótið og var töluverður sparnaður á því.

Berglind spyr hví kostnaður v. landsmótsnefndar og sjálfboðaliða var mun minni í ár en í fyrra. Ástæðan er vegna kostnaðar við að keyra á Egilstaði í fyrra, og að við fengum mun ódýrari gistingu í ár.

Eign ÆSKP hefur aukist um 5.000.000 kr. Ingunn Björk Jónsdóttir leggur til að eigið fé félagsins verður notað til að greiða landsmótsgjöld, hún leggur til að landsmótsgjöld verði ekki meiri en 15.000 kr. Ingunn segir alvarlegt ef að landsmót kirkjunnar sé bara fyrir krakka með ríka foreldra.

Katrín svarar að meira verður gert við peninginn en áður.

Jónína svarar að við höfum verið að borga með landsmóti með rekstrartekjum ÆSKP. Landsmót í ár kom ótrúlega vel út, m.a. vegna þess að Austurland kom ekki á landsmótið sem sparaði helling. Gert var ráð fyrir að landsmót myndi kosta 9.000.000 kr. en það kostaði í raun um 5.500.000 kr. Þannig var þetta heppilega lítið mót fjárhagslega séð, og við komum mun betur út en gert var ráð í fjárhagsáætlun. Sá styrkur sem við fáum frá Kirkjumálasjóði rokkar frá 4.500.000 kr. í 9.000.000 kr. Í ár fáum við 7.000.000 kr. Því er mikilvægt að ÆSKP eigi einhvern pening til svigrúms. Ef við sjáum fyrirfram að kostnaður landsmóts sé lítill hugum við auðvitað að lækka landsmótsgjaldið. Óheppilegt er ef að aðalfundur ákvarði kostnað á landsmót, því þá erum við bundin fjárhagslega. Því vara Jónína frá því að aðalfundur staðfesti fasta tölu. Jóhanna tekur undir það. Þegar þátttakendur sem hafa ekki efni á því að fara á mótið hafa kirkjur m.a. haft samband við ÆSKP og hefur félagið eða kirkjan sjálf létt á því.

Berglind Hönnudóttir segir að kirkjan þurfi að vera reiðubúin að borga með þegar börn eiga ekki efni á mótsgjaldinu.

Jóhanna áréttir það að markmið ÆSKP á meðan hún er í stjórn að mótin verða sem ódýrust fyrir þátttakendur mótanna. Hún er á móti því að aðalfundur ákveði mótsgjald

Því að við verðum að geta tekið inn sveiflur í samfélaginu inn í það. Það er erfitt að festa ákveðna tölu vitandi það að rekstur okkar byggist á styrkjum. Jóhanna er alltaf með fjáröflum í sínu æskulýðsstarfi fyrir mót. Hún nefnir einnig að mörg önnur mót, m.a. íþróttamót, séu dýrari en landsmót. Þá nefnir hún að hún vilji einnig skoða frístundastyrki hjá sveitafélögunum.

Jónína nefnir að leiðtogar geta nefnt við þátttakendur að hægt sé að fá styrki til að fara á mót.

Ingunn kemur með tillögun um að nota eigin peninga félagsins til að fastgilda lægri mótsgjöld.

Jónína nefnir að það sé lagabreyting sem að þurfi að koma fyrir aðalfund. Lagabreytingar þurfa að koma tveimur vikum fyrr. Það má þó koma með áskorun og þetta mál færir undir önnur mál.

Ársreikningurinn er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

5. Fjárhagsáætlun, flutt af Jónínu Sif.

Jónína Sif flytur fjárhagsáætlun, sjá nánar í fjárhagsáætlun.

Við gerum ráð fyrir að fá 7.000.000 kr. í styrk frá Kirkjumálasjóði.

Við búumst við að halda fjölda félaga.

Við erum ekki að borga mikið með Janúarnámskeiðinu. Við bjuggumst við að þurfa að borga meira en fengum mjög góðan díl á gistingu á hóteli, spa, þriggja rétta mat, fyrirlesara o.s.frv. Þannig fengum við styrk í formi afsláttar og velvilja.

Við stefnum á að halda einnar nætur sumarmót. Hugmyndin er að 1-3 sumarmót verða haldið á vegum ÆSKP. Eitt á suð-vesturhorninu, eitt fyrir norðar og eitt fyrir austan. Þetta eru svæðin sem eru virk. Hugmyndin er að búa til dagskrá og mótið verður keyrt á mismunandi stöðum. Þetta mun byrja sem ein nótt sem tilraunarstarfsemi. Við viljum borga töluvert með þessu móti til að koma því af stað.

Við gerum ráð fyrir að borga með landsmóti að þessu sinni.

Inni í laun og launatengd gjöld kemur inn þessi hækkaða prósentu framkvæmdarstjóra úr 50% í 60%. Umfang ÆSKP hefur aukist og því gott að starfshlutfallið sé að hækka. Það er búið að stytta vinnuvikuna, og það er mikill munur hvort að unnið séu 18 stundir eða 20.

Stjórnarfundir falla undir annan rekstrarkostnað.

Ódýrasta landsmót sem hefur verið haldið var í fyrra. Búist er við að kostnaður við næsta mót verður 10.000.000 kr.

Við gerum því ráð fyrir því að við séum núna að reka okkur á tæpri milljón í tapi.

Ingunn nefnir varðandi sumarmótið að æskulýðsfulltrúar eru ekki allir starfandi á sumrin. Jónína segir að mótið verði haldið fyrstu helgina í júní, fyrstu raunverulegu helgina til að fara í útileigu. Þetta gæti einnig verið leið til að lengja starf æskulýðsleiðtoga- og fulltrúa þar sem starf þeirra væri alveg fram í júní.

Jens Elí Gunnarsson nefnir að í Hallgrímskirkju var fjallað um að hafa æskulýðsstarf yfir sumartímann og vill vita hvernig það gekk. Kristján Ágúst Kjartansson svarar að þetta var hugmynd sem að hann og Inga Harðardóttir kom með, sem að fór af stað og tókst vel. Nú er Inga hins vegar flutt úr og starfið endurskoðað. Þetta er hins vegar góð áminning um að tímabært er að ræða þetta við hana Kristný Rós Gústafsdóttur sem er drífandi í starfi.

Hjá Berglindi hefur reynst vel að halda random æskulýðsfundi yfir sumartímann þar sem hún sendir tilkynningu m.a. með tveggja daga fyrirvara. Þannig voru leiðtogar ekki búnir að skuldbinda sig yfir sumartímann. Þetta gæti ekki verið mögulegt án SMS-kerfisins.

Fjárhagsáætlunin er samþykkt með meirihluta.

6. Starfsáætlun, flutt af Jónínu Sif

Jónína Sif flytur starfsáætlun, sjá nánar í starfsáætlun.

Janúarnámskeið var haldið í Borgarnesi, en námskeiðið er að festa sig í sessi sem árlegur viðburður. Það hefur verið ákall aðalfundar um að það verði vettvangur þar sem leiðtogar geta komið saman án barna.

Aðalfundur EF fór fram í Helsingi, 7.-9. febrúar.

Easter Course fer fram 5.-12. apríl. Við eigum fimm sæti. Við erum búin að fylla eitt, og það kemur íslendingur að skipulagi námskeiðsins.

KUF verður mögulega haldið 16.-17. maí. Kristján og Ása Laufey eru verkefnastjórar.

Sumarmót ÆSKP verður hafið 5.-6. júní. Austurland tekur mjög vel í þessa hugmynd, þar á meðal formaður ÆSKA. Áhugavert verður að stýra viðburði á mismunandi stöðum. Hugmyndin kemur frá framkvæmd skátanna.

Sigurður Óskar mun leiða verkefni ÆSKP í Gleðigöngunni, sem verður 8. ágúst.

Stefnumótunarfundur (Development meeting) verður haldin á vegum EF í september þar sem starfið verður endurskilgreint.

Haustnámskeið ÆSKP og ÆSKR verður haldið í tenglum við Haustnámskeið Biskupsstofu. Í ár verðum Verndum þau og kynning frá Samtökunum '78.

Leiðtogaskólinn klárast núna 18. mars.

Landsmót er alltaf stór hluti af okkar starfi. Það verður að öllum líkindum á Sauðárkróki. Bæjarstjórn hefur stundið upp á að mótið verði haldið þegar vetrarfrí er á staðnum, sem á eftir að ákveða hvenær það er. Þema mótsins er Lifandi landsmót. Í ár verður að sækja um á heimasíðu ÆSKP til að vera með í landsmótsnefndinni. Þá er sótt um ákveðna stöðu. Þetta er gert til að gera skýrara skipurit um hvað er hlutverks hvers í nefndinni og svo að fleiri fá að bjóða sig fram.

Kristján nefnir varðandi Leiðtogaskólann að nafninu var breytt, enda er markmiðið ekki lengur að flakka á milli safnaða og er hann með ákveðin fastan punkt núna í Grensáskirkju. Þetta er ein mesta breytingin sem hefur verið á skólanum síðan hann var stofnaður árið 2004. Kennslukostnaður hefur tvöfaldast, þar sem Magnea Sverrisdóttir og Daníel eru bæði jafngildir kennarar núna. Samhliða kennslu hafa þau verið að funda fyrir utan sína kennslutíma til að endurmeta kennslufnið, en það var komin mikil þörf á því. Það breytir öllu í þessum rekstri að suðurprófastsdæmi og kjalanesprófastsdæmi hefur formlega komið að rekstrinum.

7. Kosning um ritara

Daníel gefur kost á sér sem ritari.

Hann er sjálfkjörinn.

8. Kosning um meðstjórnendur

Erna Kristín Stefánsdóttir gefur kost á sér sem meðstjórnanda.

Hákon Darri Egilsson gefur kost á sér sem meðstjórnanda.

Anna Lilja Steinsdóttir gefur kost á sér sem meðstjórnanda.

Sóley Adda Egilsdóttir gefur kost á sér sem meðstjórnanda.

Berglind gefur kost á sér sem meðstjórnanda.

Erna, Berglind og Hákon fengu jöfn atkvæði og þurfti aftur að kjósa um þau.

Meðstjórnendur eru Erna og Hákon.

9. Kosning um varamenn

Jens gefur kost á sér sem varamaður.

Aldís Elva Kvaran gefur kost á sér sem varamaður.

Anna Lilja gefur kost á sér sem varamaður.

Sóley Adda gefur kost á sér sem varamaður.

Berglind gefur kost á sér sem varamaður.

Þau eru sjálfkjörin.

10. Kosning um skoðunarmenn reikninga

Guðmundur Karl Einarsson gefur kost á sér sem skoðunarmaður reikninga.

Ingunn gefur kost á sér sem skoðunarmaður reikninga.

Þau eru sjálfkjörin.

11. Önnur mál

Hákon og Berglind leggja fram áskorun til landsmótsnefndar um að hætta að kynjaskipta á landsmóti. Berglind segir frá því að á mótinu á austurlandi verður ekki kynjaskipt. Kristján og Jónína segja frá fundi sínum hjá Samtökunum '78 þar sem var meðal annars var leitað álits um kynjaskiptingu. Niðurstaðan var sú að ÆSKP og ÆSKR væri að standa sig vel í þessu og að við þurfum að vera vakandi um hvernig við tölum og merkjum hlutina, og ræða opinskátt við þá sem að skilgreina sig öðruvísi og hafa óhefðbundna kyntjáningu. Jónína segir einmitt að þessi umræðan þurfi að komast inn í vanann, og mögulega þurfi að venja leiðtogana í þessu mun meira frekar en börnin. Berglind nefnir að hennar fókuspunktur er ekki kynsegin einstaklingar heldur öryggi barna þeirra, þar sem leiðtogi verður með sínum hópi. Ingunn spyr hvort að það þurfi að leita til umboðsmanns barna til að vita hvort að þetta sé löglegt. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða. Jónína segir að mögulega þurfi að bjóða upp á val, að belja hvort að börn vilja vera í kynjaskiptum herbergjum eða skipt eftir félögum. Eva Björk Valdimarsdóttir tekur undir þetta. Hákon telur að börn í dag séu mun opnari fyrir að deila svefnrými með börnum af öðru kyni. Hann nefnir dæmi um kynsegin einstakling sem vildi ekki fara á mót því hán vildi ekki vera í kynjaskiptu herbergi. Jónína segir að þetta séu allt mjög góðir punktar sem þurfa að ræða að skoða.

Jóhanna leggur til að ekki verður rukkað fyrir SMS hjá aðildarfélögum árið 2019. Jónína segir að það hljómar vel og ÆSKP á efni á því. Annars viljum við halda 7 kr. per

SMS til að forðast það að við endum á núlli. Það verður þannig hægt að skoða það árlega hvort að fjárhagsáætlunin okkar styðji þetta. Þetta er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Aðalfundur ályktar svo að hluti af hagnaði af eigin fé ÆSKÞ verður notað til að greiða niður landsmótsgjöld árið 2020, landsmótsnefnd gerir tillögu að upphæð og leggur fyrir stjórn ÆSKÞ. Ályktunin er samþykkt með fimm greiddum atkvæðum, fjórir sitja hjá.

- Fundi slitið kl. 19.27.